



Kjarvalsstaðir

„Reykjavíkurborg dugleg að kaupa ný verk“


— sýning á myndum í eigu borgarinnar á Kjarvalsstöðum

„Við höfum reynt að setja sýninguna svolítið sögulega upp, þannig að hún gefi sérstaklega útlendingum hugmynd um myndlist okkar frá 1910 til 1970“, sagði Aðalsteinn Ingólfsson, framkvæmdastjóri listaráðs Kjarvalsstaða, um myndlistarsýningu þá, sem þar hefst í dag. Þar eru sýndar 56 myndir í eigu Reykjavíkurborgar, eftir nálega 40 listamenn.

„Það háði okkur við val verka, að nú er sumartími og oft erfið að komast að þeim hér og þar um borgina“, sagði Aðalsteinn. „Þannig er sýningin ekki fullkomin úttekt, aðeins lausleg.“

Sýningunni á Kjarvalsstöðum er skipt í 5 liði. Fyrst eru myndir, sem eru málaðar á árunum 1925 til 1930 og kallast sá þáttur „Forvera og landslag“. Þar eru

m.a. myndir eftir Kjarval, Asgrím Jónsson og Júlíönu Sveinsdóttur. Næsti þáttur nefnist „Borgar- og atvinnulíf, myndir málaðar 1930 til stríðsloka eða seinna. Þar er áberandi áhersla lögð á atvinnuvegi, og listamenn eins og Ninu Sveinsdóttur og Gunnlaug Scheving. Þriðji þátturinn nefnist svo „Upphaf og þróun afstraktlistar“, og eru þar myndir málaðar allt til 1960. Þar er reynt að safna sem flestum afstraktnýndum saman og gefa hugmynd um þá hlið myndlistarinnar. Næst kemur „Hlutlag túlkun“, myndir málaðar 1950 til 1970, af „jarðbundnari“ fyrirmyndum eins og fólki og húsum. Síðasti þáttur sýningarinnar kallast svo „Nýir straumar“. Þar er reynt að gefa innsýn í myndlistina eftir 1970. „Mér finnst það áberandi varðandi myndlistarkaup Reykjavíkurborgar, hve dugleg



Aðalsteinn Ingólfsson

hún er að kaupa nýjustu verkin eftir Amsterdampara, og má þar nefna þá bræður Sigurðar og Kristján Guðmundsson. Borgin er að því leyti miklu duglegri en Listasafn Íslands og það er einkennandi hvað hún gerir framsýn kaup.“ sagði Aðalsteinn Ingólfsson.

Merkar sýningar á döfnni

En hvað um næstu verkefni Kjarvalsstaða?

„Þessari sýningu lýkur þann 23. þ.m. Næstu helgi þar á eftir heldur félagið Myndkynning sölusýningu á alþjóðlegri grafík. Þar verða meðal annars nýjar grafíkmyndir eftir Erró, og þýskar myndir en Þjóðverjar standa í fremstu röð á þessu sviði.“

„Þann 10. september byrja svo tvær sýningar í húsinu. Önnur er í Kjarvalssalnum og heitir „Öga mod öga“. Þetta er Norðurlandasýning, og mjög sérstæð. Allar myndirnar eru valdar af einum Svía, og frá eins manns sjóarmiði. Þar eru m.a. nokkrar íslenskar myndir. Á sama tíma verður í húsinu

sýning ameríska malarans Al Copley, sem var eiginmaður Ninu Tryggvadóttur.

Tónlist og myndlist í bland

Hvað er að segja af samstarfi við annars konar listamenn, sem Kjarvalsstaðir hafa haft á stefnuskránni?

„Jú, það hefur einmitt verið gert. Við höfum haldið tónleika á málverkasýningum, til dæmis voru Mozarttónleikar á Asgrímssýningunni. Þannig eru fyrirhugaðir tónleikar á nokkrum þeirra sýninga, sem nú eru á döfnni. Þar má nefna sýningu á pólskri grafík í nóvember. Þar hyggjumst við hafa pólska tónlist.“

Við reynum eftir mátti að gera þetta, en það er erfið vegna þess að húsið er ekki hannað með tónlistarflutningi í huga, og þar vantar flygil.


Hvað ábrar listgreinar varðar, þá stuðluðum við að brúðleikhússýningum í tvgang. Við erum líka opnir fyrir samstarfi fyrir leikara, og ég veit að leikarar hafa rætt slíkt.“ —HHH.

inni úti. Nú er efni okkar allt nýtt“.

Þeir sögðust vera með mjög breytta tónlist nú, og til dæmis væri spilamennskan svolítið yfirvegaðri en áður. Þannig nyti hún sin jafnt á tónleikum sem á höllum.

„Við erum að leggja af stað í mikla hringferð um landið“, sagði Ómar. „Hún endar í Reykjavík, en síðan verðu farið út aftur og líklega tekin upp plata hjá Polytor í Danmörku. Við teljum okkur nú vera komna með lög sem ganga í menn. Og það hlýtur alltaf að vera skilyrði fyrir plötuutgáfu“.

—HHH




Stóri messudagur í Skálholti

Stóri messudagur verður haldinn í Skálholti um þessa helgi. Er dagskráin nú fjölbreyttari en venja er.

Á laugardag verður dagskrá sunnudagsins undirbúin af lærðum og leikum, og þá eru einnig fyrirhugaðar umræður um ýmis mál, sem ofarlega eru á baugi meðal kirkjufólks, svo sem aukna þátttöku leikmanna í kirkjulegu starfi, stjórnmál og fjölmiðla, kristna fræðslu, kristnið og fleira. Um kvöldið verður sunginn náttöngur.

Fyrsta guðspjónustan hefst síðan kl. 10 á sunnudagsmorgun, og þá fer fram morguntíðargæð. Þann dag verða messur, samkomur og tónleikar, og kl. 16 verða orgeltónleikar, þar sem Glúmur Gylfason og Ólafur Sigurjónsson leika.

Stóri messudagurinn er opin öllum, bæði leikmönnum og prestum. —HHH.



Krukka eftir Peter Tybjerg í anddyri Norræna hússins. Vísímynd: EGE.

FÆDDUR Á ÍSLANDI

— kemur nú aftur til að sýna keramik

Í anddyri Norræna hússins hefur verið opnuð sýning á keramik og vefnaði eftir Peter Tybjerg og Anette Hollesen frá Danmörku.

„Þau koma algerlega á eigin vegum.“ sagði Erik Sönderholm, forstöðumaður hússins. Í umsókn þeirra um afnot af húsnæðinu, segja þau m.a. að áhugi þeirra á að sýna á Íslandi stafi af því, að þau séu bæði tengd N.-Atlantshafinu á sinn hátt, Peter er fæddur á Íslandi og fluttist þaðan fjögurra ára. Hann er að mestu sjálf-

lærður í keramik, og hefur fengist við hana í 12 ár. Hann segir áhuga sinn á Íslandi hafa vaxið með árunum, og er hann nú staddur hér á landi vegna sýningarinnar.

Anette Hollesen hóf að stunda vefnað á Færeyjum 1968, og hefur frá 1970 haldið og tekið þátt í miklum fjölda sýninga í Danmörku.

Sýningin í Norræna húsinu er opin daglega frá kl. 9.00 til 19.00 og lýkur 17. ágúst. —HHH.

Munið Helgarblaðið á morgun



„Alþingi er höll meðalmennskunnar“

SJÁ VIÐTAL VIÐ BJARNA GUÐNASON

Á BLS. 4-5 OG 6

Litid inn á kaffihús í Reykjavík og fastagestir teknir tali — sjá bls. 2 og 3

TÍU DROPA TAKK,

„Röddin undan rykinu“ — sjó grein um skiptar skoðanir um stofnun lýðveldisins 1944 á bls. 7

AF FÓLKI — eftir Davíð Oddsson á bls. 10 og 11

KVIKMYNDSPJALL — Erlendu Sveinssonar á bls. 14

DREKKA MEÐAN AÐ DROPI ER TIL OG URRA EINS OG HUNDAR — sjó grein um óhróður og rögskrif útlendinga um land og hjóð á bls. 12 og 13

„Íslendingar á rétttri leið í golfinu þrátt fyrir vinda og rigningar“

— segir golfkennarinn John Nolan m.a. í viðtali á bls. 9 og 10